

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2022
2203100/0.4.1

**Efni: Mál nr. 344 til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998
(vefverslun með áfengi)**

Embætti landlæknis þakkar tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á áfengislögum um undanþágu frá einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis til neytenda og opnað fyrir vefverslun með áfengi.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til á áfengislögum eru til þess fallnar að auka og auðvelda aðgengi að áfengi og um leið munu þær fella úr gildi það fyrirkomulag sem fellst í einkasölu ríkisins á áfengi. Einkasala ríkisins eins og þekkt er á Íslandi og víðar á norðurlöndum er ein af skilvirkustu leiðunum sem hægt er að beita til að sporna við og draga úr skaðlegum áhrifum áfengis. Þetta fyrirkomulag áfengissölu er ein af helstu ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunar (WHO) í þessum efnum. En skilvirkustu aðgerðirnar til að draga úr neyslu áfengis og þar með skaðlegum áhrifum á heilsu eru meðal annars háir skattar á áfenga drykki; að lögfesta og framfylgja banni eða viðtækar takmarkanir á áfengisauglýsingum í fjölmiðlum; ásamt því að setja og framfylgja takmörkunum á aðgengi að áfengi í smásölu¹.

Í frumvarpinu er hvergi getið um opnunartíma vefverslunar eða tímaramma fyrir afhendingu sem gæti verið til þess fallið að ýta undir skyndikaup og líklegt að auka á ölvunardrykkju. Greiðara aðgengi að áfengi er ekki í anda gagnreyndrar þekkingar og aðferða við að draga úr skaðlegum áhrifum áfengis.² Vefverslun erlendis frá hefur seinkun á afhendingu og því minni líkur á skyndikaupum. En eins og kemur fram í greinargerð er það gert mögulegt eins og segir: „Leyfishafinn taki við áfengispöntunum rafrænt og afhending fari fram strax í kjölfar pöntunar“.

Ekki þarf að efast um skaðleg áhrif áfengis á einstaklinga og samfélög en á hverju ári látast rúmlega þrjár milljónir manna í heiminum af áfengistengdum orsökum. Áfengi er engin venjuleg neysluvara og því ekki hægt að bera hana saman við almenna verslunarvöru, hvort sem er í hefðbundinni verslun eða vefverslun. Áfengi veldur einstaklingum, fjölskyldum og samfélögum verulegum heilsufarslegum skaða og kostnaði m.a. sem krabbameinsvaldandi efni, áhættuþáttur fyrir hjarta- og æðasjúkdómum, offitu, ofbeldi, heimilisofbeldi, slysum og sjálfsvígum.

Samkvæmt niðurstöðum árlegra vöktunar áhrifaþátta heilbrigðis árið 2021 féll tæpur fjórðungur Íslendinga undir þá skilgreiningu að vera með skaðlegt neyslumynstur áfengis eða svokallaða áhættudrykkju, 25% karla og 20% kvenna. Það er um 30 þúsund karlar og 24 þúsund konur. Þá kom einnig fram að rúmlega tveir af hverjum þremur körlum, 18-34 ára, drukku sig ölvaða einu

¹ [World Health Organization - Alcohol](#)

² [Global Status Report on Alcohol and health 2018 \(WHO\)](#).

sinni eða oftar undanfarna 30 daga. Þá varð tæplega helmingur kvenna, 18-34 ára, ölvaðar einu sinni eða oftar undanfarna 30 daga³.

Þá kemur fram í greinargerð um starfsemi SÁÁ fyrir árið 2019 að um 500 manns hafi beðið eftir innlögn á Vog. Vaxandi þörf er meðal ástæðna fyrir þessari stöðu. Í skýrslu embættis landlæknis um bið eftir heilbrigðisþjónustu frá árinu 2020 kemur fram að árið 2019 fengu rúmlega 1600 einstaklingar meðferð á sjúkrahúsinu Vog, rúmlega 600 á Vík og um 3500 á Von. Bráðainnlagnir voru 376. Þá voru skráð rúmlega 2700 áfengistengd samskipti vegna rúmlega 1400 einstaklinga við heilsugæslu og hefur þeim fjölgað um 70% frá árinu 2016⁴. Um helmingur þeirra sem leita meðferðar hjá SÁÁ hafa áfengi eða áfengi með öðru sem aðalvímuefnagreiningu árið 2018. Árið 2018 greindust 74% þeirra sem leituðu á Vog með áfengissjúkdóm⁵. Samkvæmt upplýsingum frá SÁÁ er áfengi aðalvímuefni við fyrstu komu til meðferðar árið 2021 eða um 64% og um 47% við endurkomu sama ár. Áfengi er því aðalvandi þeirra sem leita sér meðferðar hjá SÁÁ.

Allar aðgerðir eða lagabreytingar sem eru til þess fallnar að auka aðgengi að áfengi leiða til aukinnar notkunar áfengis og um leið eykst sá skaði sem rekja má til áfengisdrykkju⁶. Engin þekkt mörk eru um skaðleysi áfengis og því ber að lágmarka eða takmarka skaðsemi þess eins og kostur er með takmörkunum á aðgengi að áfengi, fræðslu til almennings, þjónustu við þá sem glíma við áfengisvanda og skynsamlegrar stefnumótunar sem byggir á gagnreyndri þekkingu.

Því leggur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mikla áherslu á það í uppfærðri alþjóðlegri aðgerðaáætlun að opinber stefna og inngríp til að koma í veg fyrir og draga úr áfengistengdum skaða skal vera mótuð af lýðheilsuhagsmunum og byggð á skýrum lýðheilsuþáttum og bestu fáanlegu gögnum. Í áætluninni er gert ráð fyrir að árið 2030 hafi dregið úr skaðlegri notkun áfengis um að minnsta kosti 20%. Áætlunin gerir einnig ráð fyrir að meirihluti þjóða hafi innleitt, lögfest eða viðhaldið innleiðingu áhrifamikilla stefnumótunarkosta og inngrípa, s.s. takmarkað aðgengi að áfengi og takmörkun eða bann við markaðssetningu og auglýsingum á áfengi⁷. Þá gaf stofnunin út aðgerðaráætlun (SAFER) árið 2018 með fimm áhersluþáttum fyrir stjórnvöld til að draga úr skaðlegum áhrifum áfengis. Þessir þættir eru:

- Styrkja takmarkanir á aðgengi að áfengi
- Aðgerðir gegn ölvunarakstri
- Auðvelda aðgengi að skimun og stuttum inngrípum (í heilsugæslu)
- Framfylgja banni eða viðhafa víðtækar takmarkanir á áfengisauðgáningum, kostun og markaðssetningu áfengis
- Hækka verð með gjöldum (áfengisgjaldi) og stefnu um verðlagningu

Umsögn embættis landlæknis byggir á lýðheilsusjónarmiðum og því leggst embættið gegn þessari breytingartillögu sem mun auka aðgengi að áfengi á sama tíma og skorið hefur verið niður til forvarna í áfengis- og vímuvernum síðustu ár. Embættið leggur til heildræna endurskoðun á áfengislögum þar sem frekari stöðum er skotið undir núverandi fyrirkomulag á einkasölu ríkisins á áfengi sem skýri enn frekar ýmsar greinar t.a.m. 20. gr áfengislaga nr. 75/1998 til að sporna við auglýsingum og markaðssetningu áfengis. Eins og áður hefur verið nefnt er bann við auglýsingum og markaðssetningu ein af þeim leiðum sem getur dregið úr áfengistengdum skaða ef vel

³ [Vöktun áhrifaþátta. Áfengis- og tóbaksnotkun 2021.](#)

⁴ [Vandi vegna áfengis og/eða annarra vímuefna: Bið eftir heilbrigðisþjónustu.](#)

⁵ [Ársrit 2019](#)

⁶ [Effectiveness of policies maintaining or restricting days of alcohol sales on excessive alcohol consumption and related harms.](#)

⁷ [Political declaration of the third high-level meeting of the General Assembly on the prevention and control of non-communicable diseases \(who.int\)](#)

skilgreind og innleidd sem hluti af heildstærði stefnu. Þá telur embættið að setja ætti viðvaranir á áfengisumbúðir um skaðleg áhrif áfengisnotkunar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis,

Rafn Magnús Jónsson,
verkefnisstjóri